

# Fréttabréf Smábæjar - Febrúar 2012

Árið hér hjá okkur í Smábæ fór ekki alveg áfallalaust af stað. Töluvert var um veikindi á börnum og starfsfólki og voru því margir dagar þar sem við vorum með afleysingar en vonandi er þetta nú allt að komast í jafnvægi hjá okkur. Við létum þetta nú samt ekki slá okkur útaf laginu og gerðum margt skemmtilegt í leikskólanum. Dekurdagurinn var á sínum stað og gekk mjög vel. Þá var þorrablótið á bóndadaginn og var boðið uppá hefðbundinn þorramat til að smakka og flestir smökkuðu nú eitthvað ☺ Þá hófst tannverndarvika núna í lok janúar og erum við meðal annars búin að horfa á leikritið um þá félagu Karíus og Baktus og fræðast heilmikið um tennur og hvað er hollt og óhollt fyrir tennurnar. Svo höfum við líka verið að æfa okkur í hjálpseminni og það gengur mjög vel hjá okkur og við erum eiginlega dugleg í þeirri dyggð allt árið um kring hér í Smábæ.

Við fórum líka af stað með könnunarleikinn núna í janúar. Það fer vel af stað og kisuhópur hefur mjög gaman af þessu leikjaformi. Við erum nú komin með þó nokkuð af efniviði en viljum samt sem áður óska eftir því áfram að foreldrar skoði hvort þeir lumi á einhverjum efniviði í slíkan leik. Það sem við leitum ennþá að eru alls kyns pappahólkar, keðjur, borðar, plastlok, lok af glerkrukkum, perlufestar, lykjar, tóm tvinnakefli, tóm kefli undan pakkaböndum, stórar skrúfur og rær, plastarmbönd, tré gardínuhringir, efnisbútar, teygjur og ef ykkur dettur eitthvað fleira í hug og er vel til þess fallið að stafla því, setja eitthvað ofan í, þræða eða skemmtilegt er að setja saman á einhvern annan hátt eða heyrast skemmtilegt hljóð í þegar sett er saman.

Í febrúar verður nóg að gera í leikskólanum. Að vanda er hinn árlegi **dagur leikskólans 6. febrúar**, sem að þessu sinni er mánudagur, og af því tilefni ætlum við að hafa **opið hús í leikskólanum** þann dag. Starfið verður samkvæmt dagskipulagi og eru foreldrar boðnir sérstaklega velkomnir að koma og vera með okkur hvenær sem er að deginum. Þetta er kjörið tækifæri til að koma og sjá hvað börnin eru að gera í leikskólanum og hvað leikskólastarfið gengur út á. Svo verðum við með vasaljósadag 10. febrúar en þá mega allir koma með vasaljós með sér í leikskólann og við ætlum að leika okkur í skemmtilegum leikjum með það. Þetta er hugmynd frá foreldri og þökkum við kærlega fyrir hana og hvetjum foreldra til að koma með fleiri góðar hugmyndir ☺

Þá verða tvær leikfangalausar vikur, frá 13. til 24. febrúar og þar inni koma bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Á öskudag mega allir koma í búningum og við förum öll saman í göngu um þorpið og syngjum í fyrirtækjum og fáum sennilega eitthvert góðgæti að launum og endum svo á því að slá köttinn úr tunnunni fyrir utan búðina.

Afmælisbörn mánaðarins eru tvö, Númi Möller og Auðunn Snær en þeir verða báðir 4 ára. Afmælisveisla fyrir þá verður fimmtudaginn 2. febrúar.

Þema febrúarmánaðar er „Ávaxtakarfan“ og ætlum við að skoða lög og texta úr leikritinu, hlusta og jafnvel horfa á leikritið á DVD auk þess sem þetta þema er kjörið tækifæri til að ræða um vináttu og einelti.

Við viljum minna á að í forstofunni hjá okkur höfum við sett upp tvenns konar upplýsingablöð til að auðvelda foreldrum að fylgjast með daglegu starfi og líðan barna sinna. Annað blaðið heitir „Dagurinn í dag“ og þar verða settar stuttar lýsingar á því sem gert hefur verið á leikskólanum þann daginn. Hitt blaðið er yfirlit yfir það hvernig börn í kisu- og fílahóp hafa borðað, bæði í morgun- og hádegisverði.

Með bestu kveðju,

Börn og starfsfólk í Smábæ